

Aðalfundur í Vátryggingafélagi Íslands hf. („VÍS“)

22. mars 2018



Samantekt um hlutfjáreign stærstu hluthafa og breytingar á eignarhaldi milli ára.

Í samræmi við 4. mgr. 84. gr. laga um hlutfélög nr. 2/1995 fer hér á eftir samantekt um hlutfjáreign 20 stærstu hluthafa VÍS, með samanburði við tölur frá aðalfundardegi VÍS 2017.

Upplýsingar um 20 stærstu hluthafa VÍS gefa nokkuð góða mynd af megineignarhaldi þess, þar sem þeir eiga samanlagt um 74% hlutfjár félagsins. Skráð hlutfé VÍS er kr. 2.223.497.541 og er hver hlutur í félaginu ein króna að nafnverði. Allir hlutir eru í sama flokki og fylgja þeim sömu réttindi. Hluthafar voru í ársbyrjun 2017 rúmlega 800 talsins og í árslok voru þeir tæplega 700. Enginn hluthafi átti meira en 10% allt árið 2017.

Á aðalfundi VÍS 15. mars 2017 var samþykkt tillaga stjórnar um lækkuð hlutfjár félagsins úr kr. 2.296.436.567 að nafnverði í kr. 2.223.497.541 að nafnverði og að eigin hlutum félagsins að nafnverði kr. 72.939.026 sé þannig eytt. Hlutfjárþækkunin sem samþykkt var á aðalfundi 2017 var framkvæmd í júnímánuði 2017 og hafði lækkunin engin áhrif á aðra hluti í félaginu en eigin hluti félagsins. Á aðalfundi félagsins 2017 var jafnframt samþykkt að stjórn fengi heimild til að kaupa á næstu 18 mánuðum hluti í félaginu, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun, þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum fullnægðum, allt að 10% af hlutfé þess.

Hinn 15. september 2017 tilkynnti stjórn félagsins um ákvörðun sína um framkvæmd endurkaupaáætlunar um kaup á eigin bréfum í þeim tilgangi að lækka útgefið hlutfé félagsins. Hámarksfjöldi hluta sem áætlunin kvað á um að yrðu keyptir er að nafnverði kr. 55.000.000 hlutir, en það jafngildir um 2,47% af útgefnu hlutfé félagsins. Fjárhæð endurkaupanna skyldi þó aldrei verða hærrí en kr. 600.000.000. Heimild til endurkaupa gildi fram að aðalfundi félagsins 2018. Í árslok 2017 átti VÍS eigin hluti að nafnverði kr. 16.623.538, sem er samtals 0,75% af heildarhlutfé félagsins. Stjórn félagsins tilkynnti 18. febrúar 2018 um ákvörðun sína um að hætta framkvæmd á yfirstandandi endurkaupaáætlun. Við lok endurkaupaáætlunarinnar átti VÍS 0,94% af heildarhlutfé félagsins sem er kr. 20.855.234 að nafnverði. Eigin hlutum fylgir ekki atkvæðisréttur.

Eftirfarandi tafla sýnir 20 stærstu hluthafa félagsins fyrir utan VÍS, annars vegar miðað við upplýsingar úr hlutaskrá þann 23. febrúar síðastliðinn og hins vegar 15. mars 2017:

20 stærstu hluthafar 23. febrúar 2018			20 stærstu hluthafar 15. mars 2017		
Nafn hluthafa	Fjöldi hluti	%	Nafn hluthafa	Fjöldi hluti	%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	222.154.367	9,99%	Lífeyrissjóður verslunarmanna	222.154.367	9,67%
Lansdowne IcaV Lansdowne Euro	160.899.924	7,24%	Grandier ehf.	184.000.000	8,01%
Frjálsi Lífeyrissjóðurinn	124.026.537	5,58%	Gildi lífeyrissjóður	161.046.033	7,01%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild	116.000.000	5,22%	Óskabein ehf.	135.136.943	5,88%
Hedda eignarhaldsfélag ehf	100.000.000	4,50%	Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild	116.000.000	5,05%
CF Miton UK Multi Cap Income	99.065.868	4,46%	Frjálsi lífeyrissjóðurinn	100.389.898	4,37%
Arion banki hf	93.883.731	4,22%	Hedda eignarhaldsfélag ehf	100.000.000	4,35%
Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	88.285.044	3,97%	Stefnir - ÍS 15	96.945.701	4,22%
Stapi lífeyrissjóður	86.431.333	3,89%	Brú Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	86.754.756	3,78%
Global Macro Absolute Return Ad	65.137.096	2,93%	Birta lífeyrissjóður	77.639.248	3,38%
Birta lífeyrissjóður	63.204.240	2,84%	K2B fjárfestingar ehf.	55.082.711	2,40%
Stefnir - ÍS 15	61.755.701	2,78%	Viola ehf.	38.374.134	1,67%
Gildi lífeyrissjóður	61.223.957	2,75%	Feier ehf.	37.341.533	1,63%
K2B fjárfestingar ehf.	55.082.711	2,48%	Info Capital eignarhaldsfélag ehf.	35.000.000	1,52%
NH fjárfesting ehf.	47.340.000	2,13%	Fagfjárfestastjóðurinn IHF	34.701.832	1,51%
Óskabein ehf.	45.136.943	2,03%	Stapi lífeyrissjóður	33.331.333	1,45%
The Diverse Income Trust PLC	40.941.708	1,84%	Júpíter - Innland hlutabréf	32.820.711	1,43%
Feier ehf.	37.341.533	1,68%	Eftirlaunasjóður atvinnuflugmanna	31.779.494	1,38%
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	34.190.097	1,54%	Lífsverk lífeyrissjóður	31.603.715	1,38%
Viola ehf.	33.574.134	1,51%	Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	30.615.754	1,33%
	1.635.674.924	73,56%		1.640.718.163	71,45%
Heildarfjöldi hluta í félaginu	2.223.497.541	100,00%	Heildarfjöldi hluta í félaginu	2.296.436.567	100,00%